

4. fundur 2011 23. apríl, allir aðalmenn mættu.
Einnig Guðrún Jónsdóttir og Jökull Helgason

1. Aðalskipulagið

Farið var yfir úrvinnslu á umsögnum lögaðila á skipulagsdrögunum. Skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa falið að svara athugasemdum til samræmis við umræður á fundinum.

Samþykkt tillaga að aðalskipulagi með áorðnum breytingum sem Guðrún kynnti á fundinum. Samþykkt að auglýsa tillöguna samkvæmt skipulagslögum.

2. Breytingar á lögum og fyrirkomulagi skipulags- og byggingamála.

3. Athugasemdir vegna Múlavirkjunar.

Farið yfir málið og ákveðið að fara í frekari gagnaöflun.

4. Þak á Laugargerðisskóla.

Samþykkt að halda áfram með það mál, þ.e. setja járn á íbúðarálmuna.

5. Björgunarsveitin - styrkur.

Samþykkt að veita björgunarsveitinni styrk til bílakaupa að upphæð 250.000 kr.

6. Sala á lóð til Gróðrarstöðvarinnar.

Ákveðið að ganga til viðræðna við hlutaðeigendur.

7. Samningur um málefni fatlaðra.

Guðbjarti falið að skoða málið frekar.

8. Ýmis mál.

Fundargerð skipulags- og bygginganefndar lögð fram.

Húsafriðunarnefnd veitir hreppnum styrk til byggða- og húsakannana.

Ákveðið að ráða Guðrínu Jónsdóttur til verksins.

Sveitarstjórn veitir sýslumanni Snæfellinga heimild til að afskrifa ógreitt útsvar vegna árangurslauss fjárnáms.